

L Ö G

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málsgr. 50 gr. laganna orðist þannig:
Í þéttbýli má eigi aka hraðar en 50 km á klukkustund.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 5. maí 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um heimild til sölu hlutabréfa í Íslensku matvælamíðstöðinni hf.
til erlendra aðila.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Íslensku hluthöfunum í Íslensku matvælamíðstöðinni hf. skal heimilt að selja breskum aðilum öll hlutabréf sín í félaginu, enda skuldbindi hinir bresku kaupendur sig til að félagið stundi engan atvinnurekstur á Íslandi og til að slíta félaginu eigi síðar en 1981.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 7. maí 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.